

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 16.000 króna sekt, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna.

Samkvæmt 81. gr. umfl. ber að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Fulltrúi sýslumanns, Tryggvi Bjarnason, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurbjörn Halldórsson, greiði 16.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna.

Ákærði skal vera sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. desember 1984.

Nr. 82/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Fjölni Má Baldurssyni

(Svala Thorlacius hrl.)

Nytjastuldur. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 12. mars 1984. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. júlí sl.

Fyrir Hæstarétti er leitt í ljós, að ákærði fékk gefið út ökuskírteini 9. febrúar 1979, en það gildi eigi lengur en til 9. febrúar 1980. Hafði hann því ekki fullgild ökuréttindi, er hann framdi brot sitt.

Sannað þykir með framburði ákærða og öðrum gögnum, að hann hafi aðfararnótt sunnudagsins 7. mars 1982 tekið bifreið í heimildarleysi og ekið henni ölvaður um götur Ísafjarðar. Í ákæru hefur láðst

að geta ártalsins, en dæma má ákærða áfall eigi að síður samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Heimildarlaus notkun bifreiðarinnar varðar við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956, og ölvunaraksturinn við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. um refsingu 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var ákærði daginn eftir að hann framdi brot sín, eða 8. mars 1982, dæmdur í tveggja mánaða skil-orðsbundið fangelsi fyrir þjófnað. Ber nú skv. 60. gr. hegningarlaga að taka bæði málin fyrir og dæma þau í einu lagi. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

Mál þetta var þingfest í héraði 8. desember 1982, en eigi 1983, eins og segir í héraðsdómi. Kom ákærði þá fyrir dóm og gekkst skýlaust við brotum sínum. Var síðan ekkert aðhafst í málinu fyrr en 16. febrúar 1984, er það var dómtekið að ákærða fjarstöddum og dómur kveðinn upp. Verður að átelja þennan mikla drátt.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Fjöltnir Már Baldursson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og um sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Svölu Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 16. febrúar 1984.

Mál þetta, sem þingfest var 8. des. sl. og dómtekið er í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dómnum með ákæruskjali, dagsettu 19. október 1982, á hendur „Fjöltni Má Baldurssyni, Hjallavegi 5, Ísafirði, fæddum 2. september 1961 þar í bæ, fyrir að taka í heimildarleysi bifreiðina Í-4562

og aka henni sunnudaginn 7. mars (sic) undir áhrifum áfengis úr Hrannargötu á Ísafirði um götur bæjarins og að Brúarnesti þar í bænum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956, 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Sunnudaginn 7. mars 1982, kl. 01:02, var lögreglan á Ísafirði í eftirlitsferð og ók Stofnbraut til norðurs. Veitti hún þá athygli bifreiðinni Í-4562, þar sem henni var ekið suður Stofnbraut. Aftan í bifreiðinni var kerra, þar sem sátu tveir menn. Lögreglan snéri við og veitti bifreiðinni eftirför að Brúarnesti, þar sem hún stöðvaði, í því að lögregluna bar þar að.

Lögreglan hafði tal af ökumanni bifreiðarinnar, ákærða Fjölni Má Baldurssyni. Þar sem sterkan áfengisþef lagði frá vitum ákærða og í samræðum við hann kom í ljós, að hann hefði tekið bifreiðina ófrjálsri hendi, var hann færður á lögreglustöðina á Ísafirði og þar fyrir varðstjóra, sem tók af honum skýrslu.

Bifreiðin Í-4562 var skráð fyrir þrjá farþega auk ökumanns, en farþegar í bifreiðinni umrætti sinn voru fimm.

Kl. 04:30 tók lækni blóðsýni úr ákærða til ákvörðunar á magni alkóhóls í blóði hans, sem merkt var ÍS-12-82.

Sunnudaginn 7. mars, kl. 13:45, gaf ákærði skýrslu fyrir lögreglunni. Ákærði skýrði þá svo frá, að hann hefði um kl. 03:00 sl. nótt, er hann var á gangi að loknum dansleik í Hrannargötu, veitt því athygli, að lykklar voru í kveikjulás bifreiðarinnar Í-4562, sem þar stóð. Ákærði kvaðst hafa farið inn í bifreiðina, sett hana í gang og ekið Hrannargötu út á Hafnarstræti og þaðan niður að höfn og síðan sömu leið til baka. Á móts við „Íssól“ hafi hann séð nokkra kunningja sína og boðið þeim í bíltúr, sem þeir hafi þegið. Síðan kvaðst hann hafa ekið Hafnarstræti og þaðan inn Skutulsfjarðarbraut, uns lögreglan stöðvaði aksturinn við Brúarnesti.

Ákærði viðurkendi fyrir lögreglu að hafa verið búinn að neyta áfengis, en gat ekki sagt til um magn þess, á dansleik þeim, sem hann var á til kl. 03:00, og að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn umrætt sinn.

Ákærði staðfesti framburð sinn fyrir lögreglu, fyrir sakadómi Ísafjarðar þann 8. des. 1982.

Samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu í lyfjafræði, dags. 30. mars 1982, reyndist magn alkóhóls í blóðsýni merktu Í-12-82, vera 1.39‰.

Niðurstaða.

Með viðurkenningu ákærða á heimildarlausri töku bifreiðarinnar Í-4562 umrætt sinn og á neyslu áfengis undanfarandi akstri hennar, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er borinn í ákæru og þar er rétt færð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 10. febrúar 1984, hefur hann sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- | | |
|------|--|
| 1977 | á Ísafirði: Uppvís að broti á 244. og 244. (sic) gr. hgl. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 17/3 '77. |
| 1977 | á Ísafirði: Uppvís að broti á 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 1/3 '77. |
| 1980 | 5/4 á Ísafirði: Dómur: 150.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. hgl., 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. umfl. |
| 1982 | 8/3 á Ísafirði: Dómur: 2 mán. fangelsi, skb. í 2 ár, f. brot g. 244. gr. alm. hgl. 19/1940. |
| 1983 | 15/8 á Ísafirði: Sátt, 1.200 kr. sekt f. brot g. 21. gr., sbr. 33. gr. áfl. |

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 259. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 og 80. gr. umferðarlaga.

Þess skal getið, að dómurinn frá 5/4 1980 hefur ekki ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er til meðferðar, þar sem ákærði var ekki fullra 18 ára, er hann 21/1 1979 framdi brot það, sem þar er dæmt fyrir.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 25 daga varðhald og 12.000.00 kr. sekt í ríkissjóð. Ákveða þykir mega, að fullnustu varðhaldsrefsingar skuli fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 verður haldið.

Ákærða ber að inna sektargreiðsluna af hendi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella sæti hann varðhaldi í 15 daga.

Svipta ber ákærða ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem þar greinir, í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, sbr. 141. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Fjölur Már Baldursson, sæti varðhaldi í 25 daga, en fullnustu varðhaldsrefsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 ár-

um frá lögbirtingu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði skal greiða kr. 12.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. desember 1984.

Nr. 83/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Erlingi Hjálmarssyni

(Svala Thorlacius hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds til þyngingar með stefnu 12. mars 1984, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. júlí sl.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms. Þar sem alkóhól í blóði ákærða mældist 0.76‰, hefur hann með akstri sínum brotið gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og þar sem hann hafði verið sviptur ökuleyfi, hefur hann einnig brotið gegn 27. gr., sbr. 81. gr. sömu laga.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga sbr. lög nr. 54/1976 og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin varðhald 25 daga.

Staðfesta ber sakarkostnaðarákvæði héraðsdóms og dæma